

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
<b>2007/EES/59/01</b>		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 90/04/COL frá 23. apríl 2004 um fertugustu og sjötu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fólgin í innfellingu nýs kafla sem er töluasettur 24C: Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannaþjónustuútvarps	<b>1</b>
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
<b>2007/EES/59/02</b>		Beiðni Hæstaréttar Íslands frá 8. maí 2007 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli HOB vín ehf. gegn Faxaflóahöfnum sf. – Mál E-6/07	<b>11</b>
<b>2007/EES/59/03</b>		Dómur dómstólsins frá 14. mars 2007 í máli E-1/06 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu	<b>11</b>
<b>2007/EES/59/04</b>		Dómur dómstólsins frá 30. maí 2007 í máli E-3/06 – Ladbrokes Ltd. og ríkisstjórn Noregs, menningar- og kirkjumálaráðuneytið; ríkisstjórn Noregs, landbúnaðar- og matvælaráðuneytið	<b>12</b>
<b>2007/EES/59/05</b>		Dómur dómstólsins frá 26. júní 2007 í máli E-2/06 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu	<b>13</b>
<b>2007/EES/59/06</b>		Beiðni Stavanger tingrett dagsett 27. maí 2007 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Seabrokers AS gegn Den Norske Stat v/ Skattedirektoratet – Mál E-7/07	<b>13</b>

### III EB-STOFNANIR

#### 1. Ráðið

#### 2. Framkvæmdastjórnin

2007/EES/59/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4957 – Perstorp Holding/Solvay Interox [kopralktónframleiðsla]) . . . . .	14
2007/EES/59/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4974 – Gores Group/Sagem Communications) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	15
2007/EES/59/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5000 – Metinvest/Trametal/Spartan) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	16
2007/EES/59/10	Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.4513 – Arjowiggins/M-real Zanders Reflex) . . . . .	17
2007/EES/59/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4122 – Burda/Hachette/JV) . . . . .	17
2007/EES/59/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4581 – Imperial Tobacco/Altadis) . . . . .	18
2007/EES/59/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4680 – Casco/BAG) . . . . .	18
2007/EES/59/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4699 – Allianz/Selecta) . . . . .	19
2007/EES/59/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4761 – Bongrain/Sodiaal/JV) . . . . .	19
2007/EES/59/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4824 – Kraft/Danone Biscuits) . . . . .	20
2007/EES/59/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4828 – Owens Corning/Saint-Gobain Vetrotex) . . . . .	20
2007/EES/59/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4917 – GE/Dogus/JV) . . . . .	21
2007/EES/59/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4929 – Fiat/Ergom) . . . . .	21
2007/EES/59/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4946 – Goldman Sachs/Sintonia SpA/Sintonia) . . . . .	22
2007/EES/59/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4947 – Vodafone/Tele2 Italy/Tele2 Spain) . . . . .	22
2007/EES/59/22	Orðsending stjórnvalda í Slóvakíu með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	23
2007/EES/59/23	Tilkynning stjórnvalda í Frakklandi um breytingu á almannapjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Aurillac og Parísar (Orly) . . . . .	26

<b>2007/EES/59/24</b>	F-Aurillac: Áætlunarflug – Áætlunarflug milli Aurillac og Parísar (Orly) – Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannaþjónustu fyrir augum. ....	26
<b>2007/EES/59/25</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (Birting heita og tilvísunarnúmera bandalagsforskrifta samkvæmt reglugerðinni) .....	27
<b>2007/EES/59/26</b>	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/27/07 – Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa – „Sjálfvirkt“ kerfi .....	27
<b>2007/EES/59/27</b>	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/34/07 – Framkvæmd ytra samstarfs samkvæmt Erasmus Mundus háskólaárið 2008–2009 – Bandalagsáætlun um aðgerðir til að efla samstarf milli æðri menntastofnana og skipti á nemendum, vísindamönnum og háskólafólki í aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum utan þess .....	28

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA  
90/04/COL

2007/EES/59/01

frá 23. apríl 2004

**um fertugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fólgin í innfellingu nýs kafla sem er tölusettur 24C: Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannajónustuútlarps**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(1)</sup>, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(2)</sup>, einkum 24. gr. og b-lið 2. mgr. 5. gr. ásamt 1. gr. í I. hluta bókunar 3,

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA áltur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar <sup>(3)</sup> sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 <sup>(4)</sup>.

Hinn 17. október 2001 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna nýja orðsendingu um megin-sjónarmið sem ráða beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannajónustuútlarps <sup>(5)</sup>.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnunin hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafði samráð við EFTA-ríkin á margliða fundi um þetta efni.

<sup>(1)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(2)</sup> „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Reglurnar birtust upphaflega í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, og í EES-viðbæti við þau nr. 32 sama dag, og þeim var síðast breytt með ákvörðun 62/04/COL frá 31. mars 2004 (Stjtið. ESB L 240, 13.9.2007, bls. 9, og EES-viðbætur nr. 43, 13.9.2007, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannajónustuútlarps, Stjtið. EB C 320, 15.11.2001, bls. 5.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Leiðbeiningum um ríkisaðstoð skal breytt með því að fella inn í þær nýjan kafla sem er tölusettur 24C, Beiting ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannáþjónustuútværps. Nýi kaflinn er birtur í I. viðauka við ákvörðun þessa.
2. EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari ásamt viðauka við hana.
3. Í samræmi við d-lið bókunar 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari ásamt viðaukanum.
4. Ákvörðun þessi skal birt, ásamt I. viðauka, í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Hannes Hafstein**

Forseti

**Einar M. Bull**

Stjórnarmaður

## VIÐAUKI

**24C. BEITING RÍKISADSTOÐARREGLNA GAGNVART REKSTRI ALMANNAÞJÓNUSTU-ÚTVARPS<sup>(1)</sup>****24C.1 Inngangur**

- 1) Útvarp hefur tekið miklum breytingum undanfarna tvo áratugi. Afnáam einkaréttar, tilkoma nýrra fjölmiðlafyrirtækja og hraðar tækni framfarir hafa leitt til grundvallarbreytinga á samkeppnisumhverfi. Leyfi til sjónvarpsútsendinga voru lengi takmörkuð. Þau voru frá upphafi að mestu í höndum ríkisfyrirtækja sem nutu einokunarstöðu, aðallega sökum takmarkaðs aðgangs að útsendingartíðni og mikilla aðgangshindrana.
- 2) Á 8. áratugnum urðu hins vegar breytingar á efnahagsumhverfi og tækni sem gerðu EFTA-ríkjunum smám saman auðveldara að leyfa öðrum fyrirtækjum að stunda útvarpsendingar. EFTA-ríkin hafa því ákveðið að koma á samkeppni á þessum markaði. Þetta hefur fært neytendum meira úrval með fjölbreyttum nýjum rásum og nýrri þjónustu og jafnframt stuðlað að stofnun og vexti öflugra útvarpsfyrirtækja í Evrópu, þróun nýrrar tækni og meiri fjölbreytni innan greinarinnar. Auk hins nýja samkeppnismarkaðar töldu stjórnvöld EFTA-ríkjanna rétt að viðhalda almannaðjónustuútvarpi í því skyni að tryggja útsendingar á tilteknum svæðum og fullnægja þörfum sem óvíst væri að einkafyrirtæki myndu sinna nægilega vel.
- 3) Sú staða að samkeppni fer vaxandi jafnframt áframhaldandi rekstri ríkisstyrktra útvarpsfyrirtækja hefur einnig valdið vaxandi áhyggjum meðal einkafyrirtækja af því að samkeppnisstaða kunni að vera ójöfn, og hafa þau vakið máls á þessu við eftirlitsstofnunina. Þessar kvartanir lúta að meintum brotum á 61. gr. EES-samningsins í tengslum við stuðning hins opinbera við útvarpsrekendur sem sinna almannaðjónustu.
- 4) Í þessum leiðbeiningum koma fram megináhrifum sem eftirlitsstofnunin mun fara eftir við beitingu ákvæða 61. gr. og 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins í tengslum við ríkisfjármögnun almannaðjónustuútvarps. Með þessu móti er stefna eftirlitsstofnunarinnar á þessu sviði gerð eins gagnsæg og unnt er.

**24C.2 Hlutverk almannaðjónustuútvarps**

- 1) Í ályktun EB-ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja EB frá 25. janúar 1999 um opinberan útvarpsrekstur („ályktun um almannaðjónustuútvarp“ í því sem hér fer á eftir)<sup>(2)</sup> stendur að „*opinber útvarpsrekstur, í ljósi þess menningarlega, félagslega og lýðræðislega hlutverks sem hann gegnir í þágu almannahagsmuna, hafi grundvallarþýðingu við að tryggja lýðræði, fjölræði, félagslega samheldni, fjölbreytni í menningu og tungumálum*“.
- 2) Þótt almannaðjónustuútvarp hafi augljóslega þýðingu í efnahagslegu samhengi er það ekki sambærilegt við almannaðjónustu í nokkurri annarri atvinnugrein. Engin önnur þjónusta er til sem nær *samtímis* til jafnstórs hluta landsmanna, veitir honum aðgang að jafnmiklu úrvali fróðleiks og dagskrárefnis og nær á þann hátt að vera miðill og deigla einstaklingsbundinna skoðana og almenningsálits.
- 3) Almannaþjónustuútvarp gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að varðveita margbreytileika menningar í hverju landi, senda út fræðsluefni, koma áreiðanlegum fréttum til almennings, tryggja fjölbreytni fjölmiðla og senda út vandað afþreyingarefni, á lýðræðislegan hátt og endurgjaldslaust<sup>(3)</sup>.
- 4) Auk þessa er útvarp að jafnaði talið afar áreiðanleg fréttaveita, og allmargir leita fyrst og fremst þangað um fréttir. Útvarp eflir þannig almenna umræðu og tryggir, þegar lengra er litið, nokkra aðild allra þjóðfélagsþegna að opinberum skoðanaskiptum.
- 5) Hlutverk almannaðjónustu<sup>(4)</sup> í almennum skilningi er staðfest í EES-samningnum. Mikilvægasta ákvæðið að þessu leyti er 2. mgr. 59. gr. samningsins, en það hljóðar svo: „*Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.*“
- 6) Dómstóll Evrópubandalaganna hefur í tveimur málum viðurkennt að sjónvarpsendingar geti talist þjónusta „er hefur almenna efnahagslega þýðingu“ í skilningi 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans<sup>(5)</sup>. Dómstóllinn hefur lagt á það áherslu að þjónusta af þessu tagi skuli vera háð samkeppnisreglum nema unnt sé að sýna fram á að slíkum reglum verði ekki beitt án þess að það komi niður á hlutverki þjónustunnar<sup>(6)</sup>.

<sup>(1)</sup> Þessi kaflur er að miklu leyti byggður á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri almannaðjónustuútvarps, Stjtið. EB C 320, 15.11.2001, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 30, 5.2.1999, bls. 1; ályktunin var felld inn í EES-samninginn, sem 4. liður X. viðauka, gerð sem samningsaðilar tákni mið af, með ákvörðun nr. 118/1999, Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 60, 21.12.2000, bls. 423 (islenska) og bls. 424 (norska), gildistöku dagur 1.10.1999.

<sup>(3)</sup> „*The digital age of European audiovisual policy. Report from the EC high-level group on audiovisual policy*“ [Stefna Evrópuríkja á sviði hljóð- og myndmiðla á tímum stafræna útsendinga. Skýrsla nefndar háttsettra embættismanna um stefnu á sviði hljóð- og myndmiðla], 1998.

<sup>(4)</sup> Í þessum leiðbeiningum samsvarar hugtakið „almannaþjónusta“ hugtakinu „þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu“ sem er notað í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

<sup>(5)</sup> Ákvæði 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans samsvara ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

<sup>(6)</sup> Mál T-69/89 *Radio Telefís Eireann gegn framkvæmdastjórninni* [1991] ECR II 485, 82. mgr.; mál 155/73 *Giuseppe Sacchi* [1974] ECR 409, 15. mgr.

- 7) Í ályktuninni um almannaþjónustuútlit var tekið tillit til séreðlis útlitsrekstrar þegar gerð var grein fyrir sjónarmiðum og skilyrðum sem ráða skyldu beitingu ákvæða sáttmálans um stofnun Evrópubandalaganna í þessari atvinnugrein:

*„Ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins skul[u] vera með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna til að fjármagna opinberan útlitsrekstur að svo miklu leyti sem slík fjármögnun er veitt útlitsfyrirtækjum þannig að þau geti uppfyllt þær almennu þjónustukvaðir sem þeim hafa verið faldar og hafa verið skilgreindar og skipulagðar af hverju aðildarríki, og að svo miklu leyti sem slík fjármögnun hefur ekki áhrif á viðskiptakjör og samkeppni í bandalaginu að því marki sem myndi vera andstætt almannahagsmunum, þó þannig að tekið sé tillit til kvaða hinnar opinberu þjónustu.“*

Þar eð ályktunin hefur verið felld inn í EES-samninginn sem gerð sem samningsaðilar skulu taka mið af <sup>(7)</sup>, gilda á Evrópska efnahagssvæðinu hliðstæð sjónarmið þeim sem hér er vísað til.

- 8) Með ályktuninni um almannaþjónustuútlit var enn ítrekuð þýðing almannaþjónustuútlits fyrir félagsleg skilyrði, lýðræði og menningu. *„Nauðsynleg forsenda þess að geta uppfyllt sérstakar kvaðir opinbers útlitsrekstrar er viðtækur almennur aðgangur að mismunandi rásum og þjónustu, án mismununar og á grundvelli jafnra tækifæra.“* Jafnframt þarf almannaþjónustuútlit *„að njóta góðs af tækniþróun“, „veita almenningi hlutdeild í nýrri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, upplýsingaþjónustu og nýrri tækni“* og fylgja *„þróun og fjölbreytileika starfseminnar á hinn stafrænu öld“*. Loks skal *„[o]pinber útlitsrekstur [...] áfram vera fær um að bjóða samfélaginu í heild fjölbreytta dagskrá, í samræmi við kvaðir sínar eins og aðildarríkin skilgreina þær. Í þessu sambandi er rétt að opinber útlitsrekstraraðilar leitist við að ná til stórs hóps áhorfenda eða áheyrenda.“*

- 9) Að teknu tilliti til þessara sérkenna, sem greina útlitsrekstur frá öðrum atvinnugreinum, getur almannaþjónustuhlutverk, sem felur í sér *„fjölbreytta dagskrá, í samræmi við kvaðir“*, í samræmi við ályktunina um almannaþjónustuútlit, talist réttmæt í grundvallaratriðum á þeim forsendum að stefnt sé að margbrotinni og fjölbreyttri dagskrá sem geri opinberum útlitsrekendum kleift að ná til verulegs hluta almennings, og sinna þannig því hlutverki sínu að fullnægja þjóðfélagsþörfum á sviði lýðræðis, félagslegra skilyrða og menningar og tryggja fjölbreytni fjölmiðla.

- 10) Þess ber að geta að útlitsrekendur, sem reka starfsemi sína í hagnaðarskyni, og lúta sumir almannaþjónustukvöðum, geta einnig stuðlað að markmiðum ályktunarinnar um almannaþjónustuútlit ef starfsemi þeirra eykur fjölbreytni fjölmiðla, eflir umræðu um menningu og stjórnmál og breikkar úrval dagskrár-efnis.

### 24C.3 Lagumhverfi

- 1) Þegar reglum um ríkisaðstoð er beitt gagnvart almannaþjónustuútliti er nauðsynlegt að taka tillit til margra mismunandi atriða. Í EES-samningnum er meðal annars að finna ákvæði 61. gr. um ríkisaðstoð og ákvæði 2. mgr. 59. gr. sem snúa að því hvernig reglum EES-samningsins og þá sérstaklega samkeppnisreglum er beitt gagnvart þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól hefur að geyma reglur sem gilda um málsmeðferð í ríkisaðstoðarmálum.

- 2) Að því er varðar Evrópubandalögin var með Amsterdamsáttmálanum bætt við sérstökum ákvæðum (16. gr. EB-sáttmálans) um þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu og bókun um túlkun á almannaþjónustuútlitskerfi. Í Maastrichtsáttmálanum var þegar að finna grein sem geymir skilgreiningu á hlutverki bandalagsins á sviði menningar (151. gr. EB-sáttmálans) og ákvæði um að ríkisaðstoð, sem veitt er í því skyni að efla menningarstarf, geti talist samrýmanleg ákvæðum sáttmálans (d-liður 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans). Í EES-samningnum er ekki að finna ákvæði um „undanþágu á menningarforsendum“ sem eru hliðstæð d-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans. Það merkir þó ekki að loku sé skotið fyrir að veita undanþágu af því tagi. Eins og eftirlitsstofnunin hefur fallist á í eldri málum er hugsanlegt að heimila slíka aðstoð á menningarforsendum á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(8)</sup>.

- 3) Tilskipun 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnslu-fyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur <sup>(9)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 97/36/EB <sup>(10)</sup>, hefur verið felld inn í X. viðauka við EES-samninginn <sup>(11)</sup>. Tilskipun 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja <sup>(12)</sup>, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2000/52/EB <sup>(13)</sup> frá 26. júlí 2000, var felld inn í lagakerfi EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2001 <sup>(14)</sup>. Þessi ákvæði eru háð túlkun EFTA-dómstólsins í „EFTA-stoðinni“ og túlkun Evrópu-dómstólsins og undirréttar EB í „bandalagsstoðinni“. Eftirlitsstofnunin hefur einnig gefið út ýmsar leiðbeiningar um beitingu ríkisaðstoðarreglna sem samsvara hliðstæðum orðsendingum framkvæmdastjórnar EB.

<sup>(7)</sup> Sjá 2. mgr.

<sup>(8)</sup> Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 32/02/COL frá 20. febrúar 2002 um kvikmyndaframleiðslu og skylda starfsemi í Noregi. Nánari upplýsingar er að finna í 2. mgr. undirkafla 24.C.5 í þessum leiðbeiningum.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60.

<sup>(11)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/1999, Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 39, og EES-viðbætur nr. 54, 23.11.2000, bls. 99 (íslenska) og bls. 69 (norska), gildistökudagur 1.7.2000.

<sup>(12)</sup> Stjtið. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35, felld inn í EES-samninginn sem hluti af XV. viðauka.

<sup>(13)</sup> Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75.

<sup>(14)</sup> Stjtið. EB L 66, 8.3.2001, bls. 48, og EES-viðbætur nr. 12, 8.3.2001, bls. 6, gildistökudagur 1.6.2002.

**24C.4 Gildir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?****24C.4.1 Ríkisaðstoðarhlíð ríkisfjármögnunar í þágu útvarpsrekenda sem sinna almannaþjónustu**

- 1) Í EES-samningnum segir svo í 1. mgr. 61. gr.: „*Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.*“
- 2) Það, sem máli skiptir við mat á því hvort afskipti hins opinbera fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. EES-samningsins, er áhrif slíkra afskipta, ekki yfirlýstur tilgangur þeirra. Ríkisfjármögnun í þágu útvarpsrekenda, sem sinna almannaþjónustu, telst að jafnaði til ríkisaðstoðar sé ofangreindum skilyrðum fullnægt. Útvarpsrekendur, sem sinna almannaþjónustu, njóta venjulega fjárveitinga af ríkisfjárlögum eða gegnum afnotagjald sem eigendur sjónvarpstækja greiða. Við tilteknar aðstæður leggur ríkið útvarpsrekendum, sem sinna almannaþjónustu, til eiginfé eða fellir niður skuldir þeirra. Fjárhagslegar ráðstafanir af þessu tagi eru venjulega gerðar að tilstuðlan hins opinbera og fela í sér tilflutning ríkisfjármuna. Jafnframt, og að því marki sem slík afskipti standast ekki svonefnt „einkafjárfestapróf“, sbr. 19. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð – Eignarhlutar hins opinbera – og 20. kafla – „Beiting ákvæða um ríkisaðstoð gagnvart opinberum fyrirtækjum í framleiðslugeiranum“<sup>(15)</sup>, nýtast þau í flestum tilvikum aðeins sumum útvarpsrekendum og geta því raskað samkeppni. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að meta í hverju einstöku tilviki hvort um ríkisaðstoð sé að ræða, og fer það einnig eftir eðli fjármögnunarinnar hverju sinni<sup>(16)</sup>.
- 3) Evrópudómstóllinn hefur sett fram eftirfarandi skilgreiningu: „*Þegar aðstoð, sem greidd er á vegum ríkisins eða af ríkisfjármunum, styrkir stöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum sem keppa um viðskipti á bandalagsmarkaði verður að líta svo á aðstoðin hafi áhrif á þau fyrirtæki.*“<sup>(17)</sup>. Þannig má líta svo á í almennum atriðum að fjármögnun hins opinbera í þágu útvarpsrekenda, sem sinna almannaþjónustu, hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Þannig háttar augljóslega til að því er varðar kaup og sölu á útsendingarrétti, en slík viðskipti eiga sér iðulega stað milli landa. Hjá þeim útvarpsrekendum, sem sinna almannaþjónustu og hafa heimild til að selja útsendingartíma fyrir auglýsingar, hafa auglýsingar einnig áhrif milli landa, einkum á einsleitum málsvæðum sem ná yfir landamæri. Jafnframt getur eignarhald útvarpsrekenda, sem reka starfsemi sína í hagnaðarskyni, verið í höndum eigenda í fleiri en einu EES-ríki.
- 4) Samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og undirréttar EB<sup>(18)</sup> verður hvers kyns tilflutningur ríkisfjármuna til ákveðins fyrirtækis að teljast ríkisaðstoð í almennum skilningi (að því tilskildu að skilyrðum fyrir beitingu 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans sé fullnægt). Hins vegar var niðurstaða Evrópudómstólsins í dómi í málinu *Altmark Trans GmbH*<sup>(19)</sup> („Altmark-málið“ í því sem hér fer á eftir) á þessa leið: „*Þegar svo háttar til að líta verður á ríkisstyrk sem endurgjald fyrir þjónustu sem fyrirtækin inna af hendi í því skyni að uppfylla kvaðir um almannaþjónustu, þannig að fyrirtækin hafa ekki raunverulegt fjárhagslegt hagræði af styrknum og hann hefur ekki þau áhrif að bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart keppinautum, falla slík afskipti ekki undir ákvæði 1. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans [nú 1. mgr. 87. gr.]*“.
- 5) Samkvæmt dómi Evrópudómstólsins í *Altmark*-málinu verður þó að fullnægja eftirtöldum fjórum skilyrðum til þess að slíkt endurgjald hætti að teljast ríkisaðstoð:
  - „*Í fyrsta lagi verða að hvíla eiginlegar almannaþjónustukvaðir á fyrirtækinu sem þiggur endurgjaldið, og þær kvaðir verða að vera skýrt skilgreindar.*“
  - *Í öðru lagi verður að skilgreina fyrirfram og á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins til þess að fyrirtækið, sem þiggur það, njóti ekki fjárhagslegs hagræðis umfram keppinauta.*
  - *Í þriðja lagi má endurgjaldið ekki vera hærra en svo að nægi til að mæta, að fullu eða að hluta, kostnaði af því að fullnægja almannaþjónustukvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar.*
  - *Í fjórða lagi, og sé fyrirtækið, sem falið er að inna af hendi almannaþjónustukvaðir í tilteknu tilviki, ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup með það að markmiði að velja þann bjóðanda sem sinnt getur þjónustunni með minnstum kostnaði fyrir þjóðfélagið, skal ákveða hversu hátt endurgjaldið þarf að vera á grundvelli greiningar sem sýnir hvaða kostnað demingir fyrirtæki, sem er vel rekið og nægilega vel búð flutningatekjum til að geta sinnt almannaþjónustunni vel, hefði haft af því að fullnægja kvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar af því að inna kvaðirnar af hendi.*“

<sup>(15)</sup> Ákvæði 19. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð eru byggð á Bulletin EC 9-1984 um beitingu [þáverandi] 92. og 93. gr. EBE-sáttmálans gagnvart eignum stjórnvalda. Ákvæði 20. kafla samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu [þáverandi] 92. og 93. gr. EBE-sáttmálans (nú 87. og 88. gr. EB-sáttmálans) og 5. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EEB gagnvart opinberum fyrirtækjum í framleiðsluöðnaði, Stjtið. EB C 307, 13.11.1993, bls. 3.

<sup>(16)</sup> Sjá ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar NN 88/98 „Fjármögnun fréttastöðvar án auglýsinga, með sólarhringsútsendingu, af afnotagjaldi BBC“, Stjtið. EB C 78, 18.3.2000, bls. 6, og aðstoð NN 70/98, „Ríkisaðstoð sem veitt hefur verið sjónvarpsstöðvunum „Kinderkanal“ og „Phoenix““, Stjtið. EB C 238, 21.8.1999, bls. 3.

<sup>(17)</sup> Mál 730/79 *Philip Morris Holland* gegn framkvæmdastjórninni [1980] ECR 2671, 11. mgr.; C-303/88 *Ítalska ríkið* gegn framkvæmdastjórninni [1991] ECR I-1433, 27. mgr.; C-156/98 *Býska ríkið* gegn framkvæmdastjórninni [2000] ECR I-6857, 33. mgr.

<sup>(18)</sup> Mál T-106/95 *FFSA o.fl.* gegn framkvæmdastjórninni [1997] ECR II-229; T-46/97 *SIC* gegn framkvæmdastjórninni [2000] ECR II-2125 og C-332/98 *Franska ríkið* gegn framkvæmdastjórninni [2000] ECR I-4833.

<sup>(19)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH, Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH* [2003] ECR I-7747, 89. mgr. og áfram.



- 6) Eftirlitsstofnunin mun hafa hliðsjón af þessari túlkun Evrópudómstólsins þegar endurgjald fyrir almannaþjónustu er metið samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ríkisstyrkir, sem fullnægja ofangreindum skilyrðum, teljast því ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og þarf ekki að tilkynna þá Eftirlitsstofnun EFTA.

#### 24C.4.2 Eðli aðstoðarinnar: eldri aðstoð og ný aðstoð

- 1) Fjármögnunarkerfi EFTA-ríkjanna hafa yfirleitt verið lengi við lýði. Eftirlitsstofnunin verður því fyrst að ganga úr skugga um hvort líta megi á þessi kerfi sem „aðstoð sem er fyrir hendi“ í skilningi ákvæða 1. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(20)</sup>.
- 2) Um eldri aðstoð fer eftir ákvæðum 1. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, en þar segir: „Eftirlitsstofnun EFTA skal í samvinnu við EFTA-ríkin hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Hún skal leggja til við þau að þau geri viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun eða framkvæmd EES-samningsins.“
- 3) Samkvæmt ákvæðum i. liðar b-liðar 1. gr. í II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er eldri aðstoð „öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku EES-samningsins í viðkomandi EFTA-ríkjum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi og er enn veitt“.
- 4) Samkvæmt ákvæðum v. liðar b-liðar 1. gr. í II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól telst einnig til eldri aðstoðar „aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð vegna þess að unnt er að sýna fram á að þegar hún kom til framkvæmda hafi hún ekki talist aðstoð heldur hafi hún orðið að aðstoð síðar vegna þróunar Evrópska efnahagssvæðisins, án breytinga af hálfu hlutaðeigandi EFTA-ríkis [...]“.
- 5) Í samræmi við ákvæði 3. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins<sup>(21)</sup> ber eftirlitsstofnuninni að ganga úr skugga um hvort breytingar hafi orðið á lagagrundvelli aðstoðarinnar eftir að farið var að veita hana. Eftirlitsstofnunin verður að hafa hliðsjón af öllum lagalegum og efnahagslegum hliðum útvarpskerfis í hverju EFTA-ríki. Þó að ýmislegt sé sameiginlegt með lagalegum og efnahagslegum þáttum, sem skipta máli um slíkt mat, í öllum EES-ríkjunum er það álit eftirlitsstofnunarinnar að heppilegasta nálgunin sé að skoða hvert tilvik sérstaklega.

#### 24C.5 Mat á því hvort ríkisaðstoðin samrýmist ákvæðum 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

- 1) Eftirlitsstofnunin verður að rannsaka ríkisaðstoð, sem veitt er útvarpsrekendum sem sinna almannaþjónustu, til þess að ákveða hvort hún geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Beita má undanþágum sem um getur í 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 2) EES-samningurinn hefur ekki að geyma ákvæði sem samsvarar 4. mgr. 151. gr. EB-sáttmáls, en þar er framkvæmdastjórn EB gert skylt að taka mið af menningarþáttum í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum, né heldur ákvæði um „undanþágu á menningarforsendum“ sem eru hliðstæð d-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmáls. Þetta þýðir þó ekki að við beitingu ríkisaðstoðarreglna sé ekkert svigrúm til að taka mið af menningarþáttum. Í þessu tilliti er rétt að rifja upp að eftirlitsstofnunin tók þá afstöðu í ákvörðun um ríkisaðstoð vegna kvikmyndaframleiðslu og skyldrar starfsemi í Noregi að unnt væri að samþykkja ráðstafanir til stuðnings kvikmyndagerð með hliðsjón af menningarþáttum á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að því tilskildu að með þeirri nálgun væri tekið nægjanlegt tillit til skilyrða sem framkvæmdastjórn EB hefur mótað og að sú nálgun færi ekki á svig við þá stjórnsluframkvæmd framkvæmdastjórnar EB sem tíðkaðist áður en d-liður 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálsins öðlaðist gildi. Í öðru lagi er rétt að benda á að í ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB NN 49/97 og N 357/99, sem varða stuðning við framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni á Írlandi, var tekið fram sérstaklega að hin nýju ákvæði 1. mgr. 151. gr. og d-liðar 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálsins fælu ekki nauðsynlega í sér breytingu á stefnu framkvæmdastjórnarinnar á sviði menningarstarfsemi. Í þriðja lagi, og með tilliti til útvarps, er viðurkennt í ályktuninni um opinberan útvarpsrekstur að almannaþjónustuútlit gegni menningarhlutverki og að við beitingu samkeppnisreglna skuli tekið tillit til þess að unnt sé að leysa almannaþjónustuhlutverkið af hendi.
- 3) Það er í höndum eftirlitsstofnunarinnar að ákveða hvornig beita skuli í reynd undanþáguákvæðinu í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og á hvaða hátt skuli tekið tillit til menningarlegra þátta. Rétt er að rifja upp að nauðsynlegt er að skýra þröngt ákvæði um undanþágur frá banninu við ríkisaðstoð. Þess vegna er það álit framkvæmdastjórnar EB einnig að túlka beri hugtakið „menning“ þröngt í tengslum við undanþágur frá banninu við ríkisaðstoð í skilningi d-liðar 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálsins. Hið sama á við þegar eftirlitsstofnunin metur hvort unnt sé að veita undanþágu vegna tiltekinnar ráðstöfunar af menningarástæðum á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eins og framkvæmdastjórn EB tók fram í ákvörðun sinni í *Kinderkanal-* og *Phoenix-*málinu verður að halda þörfum aðildarríkis á sviði fræðslumála og lýðræðis aðgreindum frá stuðningi við menningarstarf<sup>(22)</sup>. Í þessu tilliti ber að hafa í huga að munur er á menningarlegum, félagslegum og lýðræðislegum þörfum milli þjóðfélaga. Fræðslustarf getur að sjálfsögðu haft menningarlegar hliðar.

<sup>(20)</sup> Samsvara 1. mgr. 88. gr. EB-sáttmáls.

<sup>(21)</sup> Mál C-44/93 *Namur-Les Assurances du Crédit SA* gegn *Office National du Dueroire og belgiska ríkinu* [1994] ECR I-3829.

<sup>(22)</sup> Sjá 16. nmgr.

- 4) Oft er ekki gerður munur á þessum þrennum þörfum í tengslum við ríkisaðstoð sem er veitt útvarpsrekendum sem sinna almannaþjónustu. Leggi EFTA-ríki ekki fram sérstaka skilgreiningu á ríkisaðstoð til að efla menningu og veiti fjármuni sérstaklega til hennar er því að jafnaði ekki unnt að samþykka slíka aðstoð á þeim grundvelli. Að jafnaði má þó meta hana á grundvelli 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins sem snýr að þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Hvað sem öðru líður, og hvaða lagagrundvöllur sem notaður er til að meta hvort aðstoð samrýmist gildandi reglum, fer efnisleg greining eftirlitsstofnunarinnar fram samkvæmt sömu viðmiðum, þ.e. þeim sem sett eru í þessum leiðbeiningum.

#### 24C.6. Mat á því hvort ríkisaðstoðin samrýmist ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins

- 1) Það hefur verið ófrávikjanleg afstaða Evrópuþingmanna að í 86. gr. EB-sáttmálsins <sup>(23)</sup> sé kveðið á um undanþágu og því beri að túlka ákvæði hennar þröngt. Evrópuþingmanna hefur gert það ljóst að eigi tiltekin ráðstöfun að geta notið slíkrar undanþágu sé nauðsynlegt að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- i) Þjónustan, sem um ræðir, verður að vera þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu og er skilmerkilega skilgreind sem slík af hálfu aðildarríkisins (skilgreining þjónustu).
  - ii) Aðildarríkið verður að hafa falið hlutaðeigandi fyrirtæki sérstaklega það hlutverk að sinna þessari þjónustu (fyrirtæki falið hlutverk).
  - iii) Beiting samkeppnisreglna sáttmálsins (í þessu tilviki bannsins við ríkisaðstoð) verður að hindra að unnt sé að sinna þeim sérstöku verkefnum sem fyrirtækinu hafa verið falin og undanþága frá slíkum reglum má ekki hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum bandalagsins (meðalhófsskilyrðið).
- 2) Það er hlutverk eftirlitsstofnunarinnar að meta hvort þessum skilyrðum hafi verið fullnægt þegar hún beitir samsvarandi ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins gagnvart EFTA-ríkjunum.
- 3) Í því sértilviki sem varðar almannaþjónustuúttvarp verður að aðlaga þessa nálgun með hliðsjón af ályktuninni um opinberan útvarpsrekstur en þar er getið um „þær almennu þjónustukvaðir sem þeim hafa verið faldar og hafa verið skilgreindar og skipulagðar af hverju aðildarríki“ (skilgreining og hlutverk) og kveðið á um undanþágu frá reglum sáttmálsins að því er varðar fjármögnun almannaþjónustuúttvarps „að svo miklu leyti sem slík fjármögnun er veitt útvarpsfyrirtækjum þannig að þau geti uppfyllt þær almennu þjónustukvaðir sem þeim hafa verið faldar [...] og [...] hefur ekki áhrif á viðskiptakjör og samkeppni í bandalaginu að því marki sem myndi vera andstætt almannahagsmunum, þó þannig að tekið sé tillit til kvaða hinnar opinberu þjónustu“ (meðalhóf).
- 4) Eins og sjá má af nýlegri stjórnsýslufrávkæmd framkvæmdastjórnar EB verður ráðstöfun, sem fullnægir ekki öllum skilyrðum *Altmark*-málsins, eftir sem áður að hljóta greiningu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálsins eða samsvarandi ákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins <sup>(24)</sup>.

#### 24C.6.1 Skilgreining á almannaþjónustuhlutverki

- 1) Til þess að fullnægja skilyrðinu, sem sett er í 1. mgr. undirkafla 24C.6 fyrir því að beita megi ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, er nauðsynlegt að fyrir liggja opinber skilgreining á almannaþjónustuhlutverkinu. Fyrir getur eftirlitsstofnunin ekki metið með nægilegri lagavissu hvort beita megi undanþágu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
- 2) Það er á valdi EFTA-ríkjanna að skilgreina almannaþjónustuhlutverkið og getur ákvörðunin verið í höndum landsyfirvalda, héraðsstjórna eða sveitarstjórna. Þegar stjórnvöld beita því valdi ber þeim að taka tillit til hugtaksins „þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Vegna þess hvað útvarpsstarfsemi er sérstaks eðlis getur þó „við“ skilgreining, þar sem útvarpsrekanda er falið það verkefni að senda út blandaða og fjölbreytta dagskrá í samræmi við almannaþjónustuhlutverkið og halda jafnframt tilteknum fjölda áheyrenda eða áhorfenda, talist réttmæt samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Slík skilgreining væri í samræmi við það markmið að fullnægja þörfum tiltekins þjóðfélags á sviði lýðræðis, félagslegra skilyrða og menningar og tryggja fjölbreytni fjölmiðla, meðal annars margbreytileika á sviði menningar og tungumála.
- 3) Með líkum hætti gæti almannaþjónustuhlutverkið tekið til þjónustu sem er ekki „dagskrárefni“ í hefðbundnum skilningi, svo sem upplýsingaþjónusta á opinberu neti, að því marki sem leitast er við að fylgja þróun og fjölbreytileika starfseminnar á hinni stafrænu öld en fullnægja sömu þjóðfélagsþörfum á sviði lýðræðis, félagslegra skilyrða og menningar.
- 4) Hvenær sem almannaþjónustuhlutverkið er víkkað þannig að það taki til nýrrar þjónustu ber að breyta ákvæðum er lúta að skilgreiningu og hlutverki til samræmis við það, innan þeirra marka sem sett eru í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
- 5) Hlutverk eftirlitsstofnunarinnar er að sannreyna að EFTA-ríkin virði ákvæði EES-samningsins. Að því er varðar skilgreiningu á almannaþjónustu á sviði útvarpsstarfsemi takmarkast hlutverk eftirlitsstofnunarinnar við að skoða hvort augljóslega hafi verið staðið rangt að verki. Það er ekki í höndum eftirlitsstofnunarinnar að ákveða hvort aðgangur að tilteknu dagskrárefni skuli veittur sem þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, né að draga í efa eðli eða gæði tiltekinnar vöru. Aftur á móti væri augljóslega staðið rangt að verki við skilgreiningu á almannaþjónustu ef hún væri látin taka til starfsemi sem ekki getur

<sup>(23)</sup> Ákvæði 86. gr. EB-sáttmálsins samsvara ákvæðum 59. gr. EES-samningsins.

<sup>(24)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C 62/1999, RAI, 99. mgr., og C 85/2001, RTP, 158. mgr.

talist raunsætt að snúi að „þörfum hvers þjóðfélags á sviði lýðræðis, félagslegra skilyrða og menningar“. Þetta myndi til dæmis eiga við um rafræn viðskipti. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að taka fram að almannajónustuhlutverkið hefur að geyma lýsingu á þjónustunni sem veitt er í almannabágu. Spurningunni um skilgreiningu á almannajónustuhlutverkinu verður að halda aðgreindri frá spurningunni um hvernig aflað er fjár til að veita þessa þjónustu. Þó að útvarpsrekendur, sem sinna almannajónustu, geti rekið starfsemi í hagnaðarskyni á borð við sölu auglýsingarýmis í því skyni að afla tekna er því að jafnaði ekki unnt að líta á slíka starfsemi sem hluta af almannajónustuhlutverkinu.

- 6) Skilgreina ber almannajónustuhlutverkið jafnákvæmlega og unnt er. Þar má ekki fara á milli mála hvort EFTA-ríkið ætlast til að tiltekin starfsemi fyrirtækisins, sem falið hefur verið þetta hlutverk, teljist til almannajónustu. Ef ekki liggur fyrir skýr og nákvæm skilgreining á kvöðum, sem lagðar eru á útvarpsrekendur sem sinna almannajónustu, getur eftirlitsstofnunin ekki innt af hendi verkefni sín samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og getur því ekki veitt neina undanþágu samkvæmt því ákvæði.
- 7) Það skiptir einnig miklu fyrir þau fyrirtæki, sem sinna ekki almannajónustuhlutverki, að almannajónustustarfsemi sé skýrt tilgreind til þess að þau geti skipulagt sína eigin starfsemi.
- 8) Loks verða skilmálar almannajónustuhlutverksins að vera skýrir til þess að stjórnvöld EFTA-ríkjanna geti sinnt virku eftirlit með því að farið sé eftir þeim, eins og lýst er í eftirfarandi undirkafla.

#### 24C.6.2 *Fyrirtækjum falið hlutverk; eftirlit*

- 1) Til þess að beita megi undanþágu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins verður að fela almannajónustuhlutverkið einu eða fleiri fyrirtækjum með stjórnvaldsathöfn (til að mynda löggjöf, samningi eða skipunarbréfi).
- 2) Ekki er þó nægilegt að útvarpsrekandanum, sem sinnir almannajónustu, sé falið formlega að inna af hendi vel skilgreinda almannajónustu. Nauðsynlegt er einnig að almannajónustan sé í raun innt af hendi eins og kveðið er á um í hinum formlega samningi milli ríkisins og hlutaðeigandi fyrirtækis. Þess vegna er æskilegt að lögbært yfirvald eða tilskipuð stofnun fylgist með framkvæmd hennar. Þörfin á að lögbært yfirvald eða stofnun af þessu tagi hafi eftirlitið með höndum kemur greinilega fram í tengslum við gæðastaðla sem hlutaðeigandi fyrirtæki er gert að fylgja. Það er ekki hlutverk eftirlitsstofnunarinnar að dæma um hvort gæðastöðlum sé fylgt. Hún verður að geta treyst því að EFTA-ríkin sinni viðeigandi eftirliti.
- 3) EES-ríkinu er frjálst að ákveða hvaða aðferðir skuli notaðar til að tryggja öruggt eftirlit með því að almannajónustukvöðunum sé fullnægt. Stofnun af því tagi getur traúðla gegnt hlutverki sínu með skilvirkum hætti nema hún sé óháð fyrirtækinu sem sinnir almannajónustunni.
- 4) Ef ekki liggja fyrir nægar og áreiðanlegar vísbendingar um að almannajónustan sé í raun innt af hendi í samræmi við skilgreint hlutverk getur eftirlitsstofnunin ekki innt af hendi verkefni sín samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og getur því ekki veitt neina undanþágu samkvæmt því ákvæði.

#### 24C.6.3 *Fjármögnun almannajónustuútværps og meðalhófsskilyrðið*

##### 24C.6.3.1 Fjármögnunarleið

- 1) Almennajónustukvaðir geta verið annaðhvort meginlegar eða eigindlegar eða hvorttveggja. Hvaða mynd sem þær taka kann að vera unnt að réttlæta að endurgjald komi fyrir, ef þannig stendur á að þær leiði til viðbótarkostnaðar sem útvarpsrekandinn hefði ekki þurft að bera ella.
- 2) Fjármögnunarleiðum má skipta í tvo meginflokk: „einfalda fjármögnun“ og „samsetta fjármögnun“. Til flokksins „einföld fjármögnun“ teljast þau kerfi sem byggjast á því að almannajónustuútværp er fjármagnað eingöngu af opinberu fé, í hvaða mynd sem vera skal. Hugtakið „samsett fjármögnun“ nær yfir margvísleg kerfi sem byggjast á því að almannajónustuútværp er fjármagnað með mismunandi samsetningu ríkisfjármuna og tekna af starfsemi sem er rekin í hagnaðarskyni, svo sem sölu auglýsingarýmis eða dagskrárefnis.
- 3) Í ályktuninni um opinberan útvarpsrekstur segir: „Ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins skul[du] vera með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna til að fjármagna opinberan útvarpsrekstur [...]“. Undir þetta fellur val á fjármögnunarleið. Að því tilskildu að samkeppni á viðkomandi mörkuðum (t.d. auglýsingamarkaði og kaupum og/eða sölu dagskrárefnis) verði ekki fyrir áhrifum í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum er ekki unnt, í grundvallaratriðum, að mæla gegn því að valin sé samsett fjármögnun (samsetning opinbers fjár og auglýsingatekna) fremur en einföld fjármögnun (opinbert fé eingöngu).
- 4) Þó að EFTA-ríkjunum sé frjálst að velja fjármögnunarleið fyrir almannajónustuútværp verður eftirlitsstofnunin að sannreyna, í samræmi við 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, að undanþága frá venjulegri beitingu samkeppnireglna vegna þjónustu, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hafi ekki áhrif á samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu umfram það sem telst hæfilegt. Þetta skilyrði er „neikvætt“ í eðli sínu: Það felur í sér rannsókn á því hvort ráðstöfunin, sem gerð hefur verið, sé óhófleg. Aðstoðin má ekki heldur hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

- 5) Í ályktuninni um opinberan útvarpsrekstur er þessi nálgun staðfest einnig að því er varðar almannajónustúútvarp, en þar segir að fjármögnun megi ekki hafa „*áhrif á viðskiptakjör og samkeppni í bandalaginu að því marki sem myndi vera andstætt almannahagsmunum, þó þannig að tekið sé tillit til kvaða hinnar opinberu þjónustu*“.

#### 24C.6.3.2 Kröfur um gagnsæi vegna mats á ríkisaðstoð

- 1) Vegna mats eftirlitsstofnunarinnar, sem hér hefur verið lýst, verður að liggja fyrir skýr og nákvæm skilgreining á almannajónustuhlutverkinu og skýr og viðeigandi aðgreining milli starfsemi sem telst til almannajónustu og annarrar starfsemi. Að jafnaði er þegar kveðið á um fjárhagslegan aðskilnað milli þessara tveggja sviða í landslögum í því skyni að tryggja gagnsæi og ábyrgðarskil við meðferð opinberra fjármuna. Fjárhagslegur aðskilnaður er nauðsynleg forsenda þess að eftirlitsstofnunin geti prófað hvort skilyrðinu um meðalhóf sé fullnægt. Eftirlitsstofnuninni er þannig gert kleift að rannsaka meint tilvik um að styrkir renni til annarrar starfsemi en hinnar leyfilegu og að verja réttlætlegt endurgjald vegna starfsemi sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Rétt skipting útgjalda og tekna er eini grundvöllurinn sem unnt er að nota til að skera úr um hvort fjármögnun hins opinbera takmarkist í raun við hrein útgjöld við almannajónustuhlutverkið og þannig megi samþykkja hana samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
- 2) Kröfur um gagnsæi fjármálatengsla milli stjórnvalda og almanna fyrirtækja og innan fyrirtækja, sem úthlutað hefur verið sérstökum réttindum eða einkarétti eða falið að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, er að finna í tilskipun 80/723/EBE <sup>(25)</sup>.
- 3) EFTA-ríkjunum er skylt samkvæmt tilskipun 80/723/EBE að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja – þegar um ræðir fyrirtæki, sem úthlutað hefur verið sérstökum réttindum eða einkarétti eða falið að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og þiggur ríkisaðstoð í einhverri mynd og sinnir einnig annarri starfsemi, þ.e. starfsemi sem telst ekki til almannajónustu – að a) aðskilnaður sé milli eigin reikninga fyrirtækisins vegna mismunandi starfsemi, þ.e. almannajónustu annars vegar og annarrar starfsemi hins vegar, b) útgjöld og tekjur hvers konar séu færð og tilgreind rétt á grundvelli bókhaldsreglna sem er beitt af samkvæmni og á hlutlægan hátt, og c) skýrt liggja fyrir eftir hvaða bókhaldsreglum er farið við gerð aðskilinna reikninga.
- 4) Hinar almennu kröfur um gagnsæi taka einnig til útvarpsrekenda eins og fram kemur í fimmta lið inngangsorðanna í tilskipun 2000/52/EB <sup>(26)</sup>. Hinar nýju kröfur gilda um útvarpsrekendur sem sinna almannajónustu, enda þiggi þeir ríkisaðstoð og hafi með höndum rekstur þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nema ríkisaðstoðin hafi verið bundin við hæfilega langt tímabil í kjölfar málsmeðferðar sem er opin, gagnsæ og laus við mismunun. Kvöðin um fjárhagslegan aðskilnað nær ekki til útvarpsrekenda sem sinna almannajónustu ef starfsemi þeirra takmarkast við þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og þeir sinna ekki annarri starfsemi.
- 5) Í útvarpsrekstri veldur fjárhagslegur aðskilnaður engum sérstökum vanda á tekjuhliðinni en getur reynst flóknari eða jafnvel ógerlegur á útgjaldahliðinni. Þetta kemur til af því að í útvarpsrekstri kunna EFTA-ríkin að líta svo á að öll dagskrá útvarpsrekendanna falli undir almannajónustuhlutverkið en heimila engu að síður að hún sé nýtt í hagnaðarskyni. Með öðrum orðum er sama efnið nýtt til mismunandi starfsemi að miklu leyti.
- 6) Af þessum ástæðum er það álit eftirlitsstofnunarinnar að á tekjuhliðinni beri útvarpsrekendum að gera ítarlega grein fyrir uppruna og fjárhæð allra tekna af starfsemi sem fellur ekki undir almannajónustu.
- 7) Á útgjaldahliðinni ber að gera sérstaklega grein fyrir kostnaði sem tengist sérstaklega þeirri starfsemi sem telst ekki til almannajónustu. Við þetta bætist að séu sömu framleiðsluþættir – starfsmenn, tæki, fastur búnaður o.s.frv. – notaðir bæði í almannajónustuverkefnum og öðrum verkefnum ber að skipta kostnaði við þá á grundvelli mismunar á heildarkostnaði fyrirtækisins með og án starfsemi sem fellur undir almannajónustu <sup>(27)</sup>.
- 8) Andstætt þeirri nálgun, sem oftast er beitt í tengslum við aðra almannajónustu, felur það, sem hér hefur verið rakið, í sér að útgjöldum, sem stafa að öllu leyti af almannajónustustarfsemi, þó að starfsemi, sem er rekin í hagnaðarskyni, njóti einnig góðs af, þarf ekki að skipta milli þessara tveggja tegunda starfsemi heldur má fella þau að öllu leyti á almannajónustuna. Þannig getur háttáð til, svo dæmi sé tekið, að því er varðar framleiðslukostnað við dagskrárefni sem er sent út sem hluti af almannajónustuhlutverkinu en einnig selt öðrum útvarpsrekendum. Helsta dæmið í þessu samhengi er þó áhorfendafjöldinn, sem útvarpsrekandinn laðar að bæði í þeim tilgangi að fullnægja almannajónustuhlutverkinu og til að selja auglýsingarými. Hætt er við að viðleitni til að skipta þessum útgjöldum milli hinna tveggja tegunda starfsemi yrði tilviljanakennd og tilgangslítill. Aftur á móti er nauðsynlegt að gera greinarmun á skiptingu kostnaðar frá sjónarmiði gagnsæis í bókhaldi og endurheimtu kostnaðar í tengslum við skilgreiningu á verðstefnu. Fjallað er um síðarnefnda atriðið í 2. mgr. undirkafla 24C.6.3.3 hér á eftir.

<sup>(25)</sup> Sjá 12. nmgr.

<sup>(26)</sup> Sjá 13. og 14. nmgr.

<sup>(27)</sup> Í þessu felst vísun til þeirrar hugsuðu stöðu að lagður væri niður sá þáttur starfseminnar sem telst ekki til almannajónustu: Kostnaður, sem unnt væri að spara með þeim hætti, er sá sameiginlegi kostnaður sem fella ber á starfsemi sem er ekki almannajónusta.

## 24C.6.3.3 Meðalhóf

- 1) Þegar eftirlitsstofnunin lætur reyna á skilyrðið um meðalhóf gengur hún út frá því í upphafi að ríkisfjármögnun sé að jafnaði nauðsynleg til að fyrirtækið geti sinnt almannaþjónustuverkefnum. Til þess að skilyrðinu sé fullnægt er þó nauðsynlegt að ríkisaðstoðin sé ekki umfram hrein útgjöld við almannaþjónustuhlutverkið, að teknu tilliti jafnframt til annarra beinna eða óbeinna tekna sem fyrirtækið hefur af því að sinna almannaþjónustunni. Við mat á því hvort aðstoðin sé í samræmi við meðalhóf verður af þessari ástæðu tekið tillit til hreinna tekna sem falla til á grundvelli almannaþjónustustarfseminnar í tengslum við starfsemi sem fellur ekki undir almannaþjónustu.
- 2) Á hinn bóginn getur komið fram markaðsröskun sem er ekki nauðsynleg til að unnt sé að sinna almannaþjónustunni. Dæmi um þetta er að sökum þess að ríkisaðstoð er notuð til að bæta upp lægri tekjur gæti útvarpsrekandi sem sinnir almannaþjónustu freistast til að halda niðri verði á auglýsingum og annari þjónustustarfsemi, sem fellur ekki undir almannaþjónustu, í því skyni að draga úr tekjum keppinauta. Ef unnt er að sýna fram á slíka hegðun er ekki unnt að líta á hana sem hluta af almannaþjónustuhlutverkinu sem útvarpsrekandanum hefur verið falið. Hvenær sem útvarpsrekandi, sem sinnir almannaþjónustu, býður lægra verð fyrir þjónustu, sem fellur ekki undir almannaþjónustu, en nauðsynlegt er til að mæta útgjöldum sem tengjast aðeins umræddri þjónustu og hagkvæmt fyrirtæki, sem rekið er í hagnaðarskyni, þyrfti að jafnaði að mæta er slík háttsemi vísbending um að endurgjald vegna almannaþjónustukvaða sé of hátt. Hvað sem öðru líður myndi slíkt hafa áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu í þeim mæli að stríddi gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 3) Þegar eftirlitsstofnunin lætur reyna á skilyrðið um meðalhóf mun hún af þessum sökum athuga hvort unnt sé að réttlæta samkeppniströskun sem kann að fylgja aðstoðinni á grundvelli þess að nauðsyn sé á að veita almannaþjónustu samkvæmt skilgreiningu EFTA-ríkisins og afla fjár til hennar. Eftir því sem þörf gerist mun eftirlitsstofnunin einnig gera ráðstafanir með hliðsjón af öðrum ákvæðum EES-samningsins.
- 4) Óhjákvæmilegt er að byggja greiningu á áhrifum ríkisaðstoðar á samkeppni og þróun viðskipta á sérstökum aðstæðum í hverju tilviki. Þess er ekki kostur að lýsa hér samkeppnisaðstæðum og öðrum einkennum hvers markaðar um sig, enda eru þeir að jafnaði mjög mismunandi. Af sömu ástæðu er ekki unnt í þessum leiðbeiningum að skilgreina fyrirfram við hvaða skilyrði verðskrá útvarpsrekenda, sem sinna almannaþjónustu, telst í samræmi við meginreglurnar sem fjallað er um í 2. mgr. undirkafla 24.C.6.3.3. Endanlegt mat á því hvort ríkisaðstoð við útvarpsrekendur, sem sinna almannaþjónustu, samrýmist ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins getur þess vegna aðeins byggst á athugun á einstökum málum í samræmi við vinnureglur eftirlitsstofnunarinnar.
- 5) Eftirlitsstofnunin mun í mati sínu taka tillit til þess að í og með að ríkisaðstoð er nauðsynleg til að unnt sé að fullnægja almannaþjónustukvöðunum gæti kerfið í heild einnig haft þau jákvæðu áhrif að viðhalda viðbótarframboði á ýmsum viðkomandi mörkuðum <sup>(28)</sup>. Slík áhrif verður þó að vega á móti hugsanlegum neikvæðum áhrifum aðstoðarinnar, svo sem þau að hindra að önnur fyrirtæki geti sótt inn á markaðinn og auka þannig fíkeppni, eða valda hugsanlega samkeppnishamlandi háttsemi hjá fyrirtækjum sem sinna almannaþjónustu á viðkomandi mörkuðum.
- 6) Eftirlitsstofnunin mun einnig taka tillit til þess að sumum EFTA-ríkjum getur reynst torvelt að afla nauðsynlegra fjármuna, ef kostnaður af almannaþjónustunni á hvern íbúa er, að öðru jöfnu, hærri <sup>(29)</sup>.

<sup>(28)</sup> Þetta merkir ekki að réttlæta megi ríkisaðstoð sem verkfæri til að auka framboð og samkeppni á markaði. Ef ríkisaðstoð er notuð til að gera fyrirtæki kleift að starfa áfram á markaði þrátt fyrir viðvarandi taprekstur leiðir það til mikillar samkeppniströskunar, því að langtímaafleiðingar slíks eru minni framleiðni, minna framboð og herra verð til neytenda. Í þessu tilliti er vænlegra til árangurs að aflétta lagalegum og efnahagslegum aðgangshindrunum, tryggja að samkeppnisreglur hafi tilætluð áhrif og stuðla að fjölbreytni fjölmíðla. Fyrirtæki, sem njóta einokunar vegna aðstæðna á markaði, lúta að jafnaði sérstökum reglum.

<sup>(29)</sup> Hliðstæð vandamál geta komið upp í tengslum við almannaþjónustuútvarp sem er ætlað að þjóna litlum tungumálahópum eða svæðisbundnum þörfum.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni Hæstaréttar Íslands frá 8. maí 2007 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli HOB vín ehf. gegn Faxaflóahöfnum sf. 2007/EES/59/02**

(Mál E-6/07)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Hæstaréttar Íslands frá 8. maí 2007, sem skráð var í málaskrá 21. mars 2007, með beiðni um ráðgefandi álit í máli HOB vín ehf. gegn Faxaflóahöfnum sf. að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Fellur gjaldtaka af hálfu sameignarfélags í eigu nokkurra sveitarfélaga, vegna innflutnings á áfengi frá öðrum aðildarríkjum EES-samningsins um höfn í eigu félagsins, undir ákvæði 10., 11. eða 14. gr. EES-samningsins? Er þá miðað við að rekstur hafnarinnar teljist lögum samkvæmt ekki opinber rekstur, að gjöldin séu lögð á með heimild í lögum og að þau skuli standa undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar.
2. Ef svarið við fyrstu spurningu er á þann veg að eitthvert þeirra samningsákvæða, sem þar er vísað til, eigi við, stendur það ákvæði í vegi gjaldtöku af því tagi sem nefnd er í fyrstu spurningu? Er þá miðað við að hærri gjöld séu lögð á vegna innflutnings áfengra drykkja en óáfengra, og áfengir drykkir séu almennt fluttir inn frá löndum utan Íslands, þar á meðal frá öðrum aðildarríkjum EES-samningsins.

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2007/EES/59/03

frá 14. mars 2007

í máli E-1/06

### Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu

*(Ákvæði í landslögum sem færa ríkisfyrirtæki einkarétt á rekstri spilavéla – hömlur á staðfesturétti og þjónustufrelsi – réttlætning – réttmæt markmið – samkvæmni ákvæða í landslögum – nauðsyn þess að setja ákvæði í landslög)*

Hinn 14. mars 2007 felldi dómstóllinn dóm í máli E-1/06, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Konungsríkið Noregur hafi brotið gegn ákvæðum 31. og 36. gr. EES-samningsins með samþykkt laga nr. 90 frá 29. ágúst 2003 um breytingar á lögum um fjárhættuspil og happdrætti (*Lov av 29. august 2003 nr. 90 om endringer i pengespill- og lotterilovgivningen*), en með þeim var ríkisfyrirtækinu Norsk Tipping AS veittur einkaréttur á rekstri spilavéla í Noregi. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Henrik Bull og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Kröfunni er vísað frá.
2. Eftirlitsstofnun EFTA greiði málskostnað.

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS****2007/EES/59/04**

frá 30. maí 2007

í máli E-3/06

**Ladbrokes Ltd.**

og

**ríkisstjórn Noregs, menningar- og kirkjumálaráðuneytið;****ríkisstjórn Noregs, landbúnaðar- og matvælaráðuneytið**

*(Staðfesturéttur – þjónustufrelsi – hömlur á spila- og veðmálastarfsemi samkvæmt ákvæðum landslaga – lögmæt markmið – hvort ákvæðin eru hentug/samkvæm – nauðsyn ákvæðanna – framboð og sala spilabjónustu frá útlöndum)*

Hinn 30. maí 2007 felldi dómstóllinn dóm í máli E-3/06 milli Ladbrokes Ltd. og ríkisstjórnar Noregs, í fyrirsvári menningar- og kirkjumálaráðuneytið og landbúnaðar- og matvælaráðuneytið – Beiðni Oslo tingrett (Héraðsdóms Óslóar) um túlkun dómstólsins á reglum um staðfesturétt og þjónustufrelsi á Evrópska efnahagssvæðinu. Dóminn skipuðu dómaramarnir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Henrik Bull og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

- 1.–3. Til þess að landslög standist ákvæði 31. og 36. gr. EES-samningsins verða slík lög sem kveða á um 1) að tiltekna tegundir fjárhættuspils megi eingöngu vera í höndum spilafyrirtækis í eigu ríkisins sem lætur hagnað af rekstrinum renna til menningar- og íþróttamála, 2) að leyfi til að reka veðmálastarfsemi í tengslum við hestakappreiðar megi eingöngu veita stofnunum eða fyrirtækjum sem hafa það markmið að styrkja hrossarækt og eru ekki rekin með hagnaðarvon í huga, eða 3) að leyfi til rekstrar tiltekinna tegunda fjárhættuspils megi eingöngu veita stofnunum og félögum sem sinna mannúðar- eða félagsmálum og eru ekki rekin með hagnaðarvon í huga, að hafa réttmæt markmið á borð við að kveða niður spilafíkn og viðhalda almannareglu. Vinna ber að þessum réttmætu markmiðum á viðeigandi hátt og þannig að samkvæmni sé gætt, og ákvæði löggjafarinnar mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná umræddum markmiðum.
4. Samkvæmt EES-rétti má fjármögnun verkefna, sem unnin eru í mannúðarskyni og til að bæta félagsleg skilyrði, ekki vera hin eiginlega réttlætning löggjafar á borð við þá sem hér ræðir um, heldur aðeins hagfelld afleiðing sem er tilviljunarkennd, í þeim skilningi að hún er aukaatriði. Það markmið að hindra einkaaðila í að njóta hagnaðar getur aftur á móti verið réttlætning fyrir slíkri löggjöf, í grundvallaratriðum. Þegar þannig stendur á verður stefna landsyfirvalda á sviði fjárhættuspils þó að endurspeglar þau siðferðilegu sjónarmið sem liggja til grundvallar því markmiði.
5. Nú verður það niðurstaða landsdómstólsins að einkaréttarkerfið, sem komið var á með lögum um fjárhættuspil og lögum um getraunavélar, feli í sér lögmætar hömlur og gildir þá samkvæmt ákvæðum 36. gr. EES-samningsins að landsyfirvöldum er heimilt að banna sölu og markaðssetningu áhættuspila erlendis frá, án tillits til þess hvort þau eru lögleg í upprunalandinu. Hið sama á við ef niðurstaða landsdómstólsins er á þá leið að bann samkvæmt lögum um fjárhættuspil við einkarekinni starfsemi í hagnaðarskyni feli í sér lögmætar hömlur á þjónustufrelsi.

Nú verður það niðurstaða landsdómstólsins að bönn samkvæmt þessum þrennum lögum við hvers kyns rekstri áhættuspila á vegum einkafyrirtækja séu ekki réttlætning, og hlýtur svarið þá að vera að engu að síður megi krefjast leyfis með hliðsjón af hugsanlegum mun á markaðsvernd milli EES-ríkjana. Ákvæði í landslögum mega þó ekki ganga of langt með tilliti til þeirra markmiða sem stefnt er að. Þau verða að vera laus við mismunun og taka mið af kröfum sem þjónustuveitandinn hefur þegar fullnægt vegna starfsemi sinnar í heimalandinu.

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS****2007/EES/59/05****frá 26. júní 2007****í máli E-2/06****Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu**

*(Skilyrði fyrir úthlutun leyfa til að kaupa vatnsaflsréttindi – gildissvið EES-samningsins – frjálsir fjármagnsflutningar – staðfesturéttur – óbein mismunur – opinbert eignarhald – dreifingaröryggi – umhverfisvernd – meðalhóf)*

Hinn 26. júní 2007 felldi dómstóllinn dóm í máli E-2/06, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að konungsríkið Noregur hafi brotið gegn ákvæðum 31. og 40. gr. EES-samningsins með því að fella ekki úr gildi ákvæði laga nr. 16 frá 14. desember 1917 um kaup á fossum, námum og öðrum fasteignum o.s.frv. (*lov 14. desember 1917 nr. 16 om erverv av vannfall, bergverk og annen fast eiendom m.v.*), en samkvæmt þeim geta norsk einkafyrirtæki og hvers kyns fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins aðeins fengið tímabundið sérleyfi vegna öflunar á eignar- eða nýtingarrétti fossa til orkuvinnslu og er skylt að afhenda norska ríkinu öll mannvirki endurgjaldslaust þegar sérleyfið rennur út, gagnstætt því sem gildir um opinber fyrirtæki í Noregi, sem njóta ótímabundins sérleyfis. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Henrik Bull og Þorgeir Örlygsson (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

1. Konungsríkið Noregur hefur brotið gegn ákvæðum 31. og 40. gr. EES-samningsins með því að fella ekki úr gildi ákvæði laga nr. 16 frá 14. desember 1917 um kaup á fossum, námum og öðrum fasteignum o.s.frv., en samkvæmt þeim geta norsk einkafyrirtæki og hvers kyns fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins aðeins fengið tímabundið sérleyfi vegna öflunar á eignar- eða nýtingarrétti fossa til orkuvinnslu og er skylt að afhenda norska ríkinu öll mannvirki endurgjaldslaust þegar sérleyfið rennur út, gagnstætt því sem gildir um opinber fyrirtæki í Noregi, sem njóta ótímabundins sérleyfis.
2. Konungsríkið Noregur greiði málskostnað.

**Beiðni Stavanger tingrett dagsett 27. maí 2007 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins**      **2007/EES/59/06**  
**í máli Seabrokers AS gegn Den Norske Stat v/ Skattedirektoratet**

(Mál E-7/07)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Stavanger tingrett dagsett 25. maí 2007, sem skráð var í málaskrá 30. maí 2007, með beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Seabrokers AS gegn Den Norske Stat v/ Skattedirektoratet að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Er það andstætt ákvæðum 4., 31. eða 40. gr. EES-samningsins að telja vaxtagreiðslur á móti erlendum tekjum samkvæmt hagnaðarreglunni þegar hámarksvaxtafrádráttur er reiknaður?
2. Er það andstætt ákvæðum 4., 31. eða 40. gr. EES-samningsins að telja hlutdeildarhagnað til erlendra tekna samkvæmt hagnaðarreglunni þegar hámarksvaxtafrádráttur er reiknaður?
3. Verður svarið við spurningu 1 og/eða 2 hið sama ef aðeins er unnt að tengja vaxtagreiðslurnar og/eða hlutdeildarhagnaðinn norska fyrirtækinu?



# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/59/07

(Mál COMP/M.4957 – Perstorp Holding/Solvay Interox [kopalaktónframleiðsla])

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. desember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Perstorp Holding AB („Perstorp“), sem er undir yfirráðum hins franska PAI Partners S.A.S. („PAI“), öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í starfsemi breska fyrirtækisins Solvay Interox Limited á sviði kopalaktónframleiðslu („Solvay“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Perstorp: framleiðir sérnótaiðefni
  - PAI: fjárfestir í óskráðum félögum
  - Solvay: framleiðir kopalaktón og afleiður þess
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 298, 11. desember 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4957 – Perstorp Holding/Solvay Interox [kopalaktónframleiðsla], á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2007/EES/59/08****(Mál COMP/M.4974 – Gores Group/Sagem Communications)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Gores Group LLC öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Sagem Communications („Sagem“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Gores Group LLC: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - Sagem: framleiðir fjarskiptabúnað, þ.e. margvísleg notendatæki til nota í farsíma- og breiðbandsfjarskiptum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 300, 12. desember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4974 – Gores Group/Sagem Communications, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5000 – Metinvest/Trametal/Spartan)**

2007/EES/59/09

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. desember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Metinvest BV („Metinvest“), sem tilheyrir hinu úkraínska System Capital Management JSC holding („SCM“), öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Trametal SpA og breska fyrirtækinu Spartan UK Ltd.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Metinvest: vinnur kol og járngrýti og framleiðir stálvörur, m.a. heitvalsaðar flatar einingar (til að mynda vafninga og svonefndar quarto-plötur)
  - Trametal SpA: framleiðir heitvalsaðar flatar stáleiningar, einkum quarto-plötur
  - Spartan UK Ltd.: framleiðir heitvalsaðar flatar stáleiningar, einkum quarto-plötur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 298, 11. desember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5000 – Metinvest/Trametal/Spartan, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

## Upphaf málsmeðferðar

2007/EES/59/10

## (Mál COMP/M.4513 – Arjowiggins/M-real Zanders Reflex)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. desember 2007 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 301, 13. desember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 eða (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.4513 – Arjowiggins/M-real Zanders Reflex, á eftirfarandi pósthöfn:

Commission of the European Communities  
Competition DG  
Merger Registry  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Brussel/Bruxelles

## Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/59/11

## (Mál COMP/M.4122 – Burda/Hachette/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. apríl 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til ánsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4122. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/12**  
**(Mál COMP/M.4581 – Imperial Tobacco/Altadis)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. október 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4581. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/13**  
**(Mál COMP/M.4680 – Casco/BAG)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. júlí 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4680. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/14**  
**(Mál COMP/M.4699 – Allianz/Selecta)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. júní 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4699. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/15**  
**(Mál COMP/M.4761 – Bongrain/Sodiaal/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. október 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á frönsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4761. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/16**  
**(Mál COMP/M.4824 – Kraft/Danone Biscuits)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. nóvember 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4824. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/17**  
**(Mál COMP/M.4828 – Owens Corning/Saint-Gobain Vetrotex)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. október 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4828. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/18**  
**(Mál COMP/M.4917 – GE/Dogus/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. nóvember 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4917. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/19**  
**(Mál COMP/M.4929 – Fiat/Ergom)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. nóvember 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4929. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/20**  
**(Mál COMP/M.4946 – Goldman Sachs/Sintonia SpA/Sintonia)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. desember 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4946. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/59/21**  
**(Mál COMP/M.4947 – Vodafone/Tele2 Italy/Tele2 Spain)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. nóvember 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4947. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

**Orðsending stjórnvalda í Slóvakíu með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðs- 2007/EES/59/22  
ins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita  
að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Svæðisskrifstofa námavinnslu í Bratislava tilkynnir, í samræmi við 4. mgr. 24. gr. laga nr. 44/1998 um verndun og nýtingu jarðefna (námalaga), með áorðnum breytingum samkvæmt lögum slóvaska þjóðþingsins nr. 498/1991, lögum nr. 558/2001, lögum nr. 203/2004, lögum nr. 587/2004, lögum nr. 479/2005 og lögum nr. 219/2007, að stjórnvöld í Slóvakíu – lögbært yfirvald er svæðisskrifstofa námavinnslu í Bratislava – eru um það bil að hefja val á umsækjendum vegna afmörkunar/úthlutunar vinnslusvæða til nýtingar á jarðgasi (gaslindir í eigu slóvaska ríkisins) í samræmi við a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni, og benda þeim, sem áhuga kynnu að hafa, á að leggja fram tillögur um afmörkun/úthlutun á eftirtöldum vinnslusvæðum:

**1. Špačince–Bohunice (lind nr. 14)**

Heiti vinnslusvæðis/tilvísunarnúmer:	Bohunice/101/A
Flatarmál vinnslusvæðis í m <sup>2</sup> :	89 999,75
Tegund jarðefnis:	Jarðgas
Magn í jörðu:	70 000 000 m <sup>3</sup> , þar af eru 49 000 000 m <sup>3</sup> nýtanlegar lindir í flokki Z2 og 21 000 000 m <sup>3</sup> kunna að vera nýtanlegir
Landskráarsvæði (IČUTJ – kenninúmer):	Bohunice (822 400)
Hérað/héraðskóði:	Trnava/207
Staða vinnslusvæðis:	Lindin hefur ekki verið nýtt eftir að vinnslusvæðið var afmarkað árið 1993

Hnit hornpunkta sem afmarka vinnslusvæðið Bohunice:

Hornpunktar vinnslusvæðis	Lengd	Breidd
1.	17,62603032	48,46504993
2.	17,62377746	48,46729370
3.	17,62715155	48,46879190
4.	17,62940433	48,46654807

**2. Špačince–Bohunice I (lind nr. 15)**

Heiti vinnslusvæðis/tilvísunarnúmer:	Bohunice I/101/A
Flatarmál vinnslusvæðis í m <sup>2</sup> :	89 997,76
Tegund jarðefnis:	Jarðgas
Magn í jörðu:	33 000 000 m <sup>3</sup> , þar af eru 23 000 000 m <sup>3</sup> nýtanlegar lindir í flokki Z2 og 10 000 000 m <sup>3</sup> kunna að vera nýtanlegir
Landskráarsvæði (IČUTJ – kenninúmer):	Bohunice (822 400)
Hérað/héraðskóði:	Trnava/207
Staða vinnslusvæðis:	Lindin hefur ekki verið nýtt eftir að vinnslusvæðið var afmarkað árið 1993

Hnit hornpunkta sem afmarka vinnslusvæðið Bohunice I:

Hornpunktar vinnslusvæðis	Lengd	Breidd
1.	17,62616647	48,47574676
2.	17,62417458	48,47809730
3.	17,62770997	48,47942165
4.	17,62970175	48,47707106

### 3. Špačince (lind nr. 13)

Heiti vinnslusvæðis/tilvísunarnúmer: Špačince/098/A

Flatarmál vinnslusvæðis í m<sup>2</sup>: 322 923,89

Tegund jarðefnis: Jarðgas

Magn í jörðu: 10 000 000 m<sup>3</sup> kunna að vera nýtanlegir

Landskráarsvæði (IČUTJ – kenninúmer): Špačince (861 049)

Hérað/héraðskóði: Trnava/207

Staða vinnslusvæðis: Lindin var nýtt til ársins 1996. Nýting hefur ekki hafist á ný síðan

Hnit hornpunkta sem afmarka vinnslusvæðið Špačince:

Hornpunktar vinnslusvæðis	Lengd	Breidd
I.	17,62747682	48,42965402
II.	17,62520611	48,43127419
III.	17,62404136	48,43947535
IV.	17,62728349	48,43967919
V	17,63029415	48,43159405

### 4. Madunice–Velké Kostolany (lind nr. 12)

Heiti vinnslusvæðis/tilvísunarnúmer: Velké Kostolany/103/A

Flatarmál vinnslusvæðis í m<sup>2</sup>: 855 000

Tegund jarðefnis: Jarðgas

Magn í jörðu: 85 000 000 m<sup>3</sup>, þar af eru 59 000 000 m<sup>3</sup> nýtanlegar lindir í flokki Z2 og 26 000 000 m<sup>3</sup> kunna að vera nýtanlegir

Landskráarsvæði (IČUTJ – kenninúmer): Velké Kostolany (868 141)

Hérað/héraðskóði: Piešťany/204

Staða vinnslusvæðis: Lindin hefur ekki verið nýtt eftir að vinnslusvæðið var afmarkað árið 1993

Hnit hornpunkta sem afmarka vinnslusvæðið Velké Kostofany:

Hornpunktar vinnslusvæðis	Lengd	Breidd
1.	17,75812592	48,50987684585
2.	17,76082136	48,51004290
3.	17,76219538	48,50019246
4.	17,74505428	48,49642573

Hnitin eru gefin upp í tugabrotum og landmælingakerfið er WGS-84.

Óskað er eftir tillögum um afmörkun/úthlutun ofangreindra vinnslusvæða, með tilvísun til lindar og samsvarandi vinnslusvæðis, ásamt upplýsingum um tæknilega og fjárhagslega vinnslumöguleika og hvernig leysa megi hagsmunaárekstra í tengslum við nýtingu ofangreindra gaslinda og gögnum sem sýna að umsækjandi hafi gilt námavinnsluleyfi eða hliðstætt leyfi sem gefið er út í ríki sem á aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, og má senda þær á neðangreint pósthfang: Obvodný bankský úrad v Bratislave, Prievozská 30, SK-821 05 Bratislava í lokuðu umslagi með textanum „*Návrh do výberového konania*“ (tillaga um úthlutun) og nafni þess sem sendir tillöguna.

**Tillögur verða að berast áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.**

**Ákvörðun um tillögurnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.**

Á svæðisskrifstofu námavinnslu í Bratislava (Prievozská 30, SK-821 05 Bratislava) eru einnig til sýnis kort sem sýna mörk ofangreindra vinnslusvæða og þar má nálgast afrit af ákvörðun um að afmarka þau sem vinnslusvæði.

Úthlutun leyfa til að nýta lindir á ofangreindum vinnslusvæðum er í höndum svæðisskrifstofu námavinnslu í Bratislava. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, koma fram í lögum slóvaska þjóðþingsins nr. 51/1988 um námavinnslu, sprengjefni og Námasjórn ríkisins, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum slóvaska þjóðþingsins nr. 499/1991, lögum slóvaska þjóðþingsins nr. 154/1995, lögum nr. 58/1998 og lögum nr. 533/2004.

Nánari upplýsingar eru gefnar í síma (421-2) 53 41 73 09. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið [obuba@mail.t-com.sk](mailto:obuba@mail.t-com.sk).

**Tilkynning stjórnvalda í Frakklandi um breytingu á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Aurillac og Parísar (Orly) 2007/EES/59/23**

Stjórnvöld í Frakklandi hafa ákveðið að breyta ákvæðum um almannaþjónustukvaðir sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli flugvallanna í Aurillac og París (Orly) á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Breytingin öðlast gildi 1. júní 2008 <sup>(1)</sup>. Þessar kvaðir koma í stað þeirra sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 27 hinn 3. febrúar 2005.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 289, 1.12.2007](#).

**F-Aurillac: Áætlunarflug**

**2007/EES/59/24**

**Áætlunarflug milli Aurillac og Parísar (Orly)**

**Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannaþjónustu fyrir augum**

Stjórnvöld í Frakklandi hafa lagt á almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli Aurillac og Parísar (Orly) á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Upplýsingar um almannaþjónustukvaðirnar hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 289, 1.12.2007).

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug á ofangreindri leið hinn 1. maí 2008, í samræmi við áhvílandi almannaþjónustukvaðir og án þess að krefjast endurgjalds, hyggjast stjórnvöld í Frakklandi takmarka flugrekstur á leiðinni við einn flugrekanda í samræmi við ákvæði d-liðar 1. mgr. 1. gr. ofangreindrar reglugerðar og bjóða út í almennu útboði heimild til að halda úti slíku flugi frá 1. júní 2008.

Umsóknir skulu lagðar fram í lokuðu umslagi merktu „Réponse à l'appel de candidatures Ligne aérienne Aurillac/Paris (Orly) – À n'ouvrir que par le destinataire“. Þær skulu sendar í ábyrgðarpósti með móttökukvittun (og staðfestir stimpill á kvittuninni rétta dagsetningu) eða afhentar (og þá gegn kvittun) á eftirfarandi pósthöfundum eigi síðar en 16. janúar 2008 kl. 12:00 að staðartíma:

Chambre de commerce et d'industrie du Cantal, 44, boulevard du Pont Rouge, F-15013 Aurillac Cedex.

Verslunar- og iðnráð Cantal mun senda völdum umsækjendum útboðsgögn, sem hafa meðal annars að geyma útboðsreglur og drög að samningi, eigi síðar en 21. janúar 2008. Hinir völdu umsækjendur verða að leggja fram tilboð eigi síðar en mánudaginn 18. febrúar 2008 kl. 12:00 að staðartíma.

Tilboð eru bindandi fyrir bjóðendur í 280 daga eftir að þau eru lögð fram.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 290, 4.12.2007](#).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 240, 24.9.1992, bls. 8.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar <sup>(1)</sup>**

2007/EES/59/25

*(Birting heita og tilvísunarnúmera bandalagsforskrifta samkvæmt reglugerðinni)*

Stofnun	Tilvísunarnúmer	Útgáfunúmer	Heiti bandalagsforskriftar	Útgáfudagur
Eurocontrol <sup>(1)</sup>	Spec-0101	1.00	Forskrift Eurocontrol um upphafsflugáætlun <sup>(2)</sup>	15.7.2007

<sup>(1)</sup> Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu: Rue de la Fusée 96, B-1130 Brussel/Bruxelles, sími +32 (0)27 29 90 11, bréfasími +32 (0)27 29 51 90.

<sup>(2)</sup> [http://eurocontrol.int/ses/public/standard\\_page/sk\\_community\\_specs\\_completed.html](http://eurocontrol.int/ses/public/standard_page/sk_community_specs_completed.html)

**MEDIA 2007**

2007/EES/59/26

**AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/27/07**

**Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa – „Sjálfvirkt“ kerfi**

**1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um að stofna til sam-eiginlegrar áætlunar til nokkurra ára um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði hljóð- og myndefnis árin 2007 til 2013.

**2. Hlutgengi**

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í aðildarríkjum Evrópusambandsins, löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi) og Sviss og eru undir yfirráðum ríkisborgara þessara landa.

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem sinna dreifingu evrópskra kvikmynda á heimsmarkaði.

**3. Fjárveiting og lengd verkefna**

Fé, sem er til ráðstöfunar í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, er að hámarki 13 022 000 evra og ræðst af fjárveitingu vegna ársins 2008.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 60 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Hámarkslengd verkefna er 16 mánuðir.

**4. Umsóknarfrestur**

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 30. apríl 2008.

**5. Nánari upplýsingar**

Heildartexta auglýsingarinnar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi slóð:

[http://ec.europa.eu/comm/avpolicy/media/distr\\_en.html](http://ec.europa.eu/comm/avpolicy/media/distr_en.html)

Umsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum heildartextans og ber að skila þeim á til þess gerðum eyðublöðum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

## AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/34/07

2007/EES/59/27

## Framkvæmd ytra samstarfs samkvæmt Erasmus Mundus háskólaárið 2008–2009

## Bandalagsáætlun um aðgerðir til að efla samstarf milli æðri menntastofnana og skipti á nemendum, vísindamönnum og háskólafólki í aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum utan þess

Athugið að framkvæmd þessarar auglýsingar eftir tillögum er með fyrirvara um:

- i) samþykkt fjárveitinga vegna þessarar aðgerðar af fjárlögum Evrópubandalagsins fyrir árið 2008 og
- ii) formlega samþykkt áætlunartexta sem varða viðkomandi aðgerðir og tilheyrandi fjármögnunarákvarðana.

### 1. Markmið og lýsing

Markmiðið með ytra samstarfi samkvæmt Erasmus Mundus áætluninni er að auðga samskipti og bæta skilning milli Evrópusambandsins og annarra ríkja. Því er ætlað að efla samvinnu stofnana á sviði háskólamenntunar í Evrópusambandinu og löndum utan þess með því að veita styrki sem gera námsmönnum og háskólafólki kleift að ferðast milli landa til náms, kennslu, þjálfunar og rannsóknna.

Starfsemi og kostnaður, sem áætlunin tekur til, eru sem hér segir:

Styrkt eru samvinnuverkefni æðri menntastofnana í Evrópuríkjum og öðrum ríkjum sem taka eftirfarandi tvenns konar starfsemi:

- **skipulags ferðastyrkjakerfis** fyrir háskólanema, vísindamenn og háskólafólk,
- **framkvæmdar ferðastyrkjakerfis**. Ferðir og menntun, sem unnt er að styrkja:
  - Námsmenn: ferðir sem tengjast grunnnámi, meistaranámi, doktorsnámi og námi að loknu doktorsprófi.
  - Háskólafólk: skipti í þeim tilgangi að stunda kennslu, þjálfun og rannsóknir.

### 2. Styrkhæfir umsækjendur og styrkþegar

Tekið verður við umsóknum frá háskólum og æðri menntastofnunum í Evrópuríkjum sem eru fulltrúar samstarfsverkefna allt að 20 mismunandi stofnana.

Stofnanir, sem taka þátt í samstarfinu, verða að vera æðri menntastofnanir í Evrópuríkjum sem gert hafa háskólasamning samkvæmt Erasmus-áætluninni áður en þessi auglýsing er birt og æðri menntastofnanir í öðrum ríkjum sem njóta viðurkenningar þarlandra stjórnvalda.

### 3. Hlutgeng ríki

Starfsemin verður að fara fram í hlutgengu ríki samkvæmt þessari auglýsingu. Ríki í eftirtöldum þremur ríkjahópum eru hlutgeng:

- Hin 27 aðildarríki Evrópusambandsins.
- Ríki sem bíða aðildar (Króatía og Tyrkland) og EES-ríkin (Ísland, Liechtenstein og Noregur).
- Eftirfarandi ríki og landsvæði utan Evrópusambandsins:

Brasilía, Chile, Mexíkó, Rússland, Indland, nágrannaríki í suðri og austri, Miðausturlönd, Lýðveldi í Mið-Asíu, hópur samstarfsríkja í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi, ríki á vestanverðum Balkanskaga og Asíuríki.

#### 4. Fjárveiting

Fé, sem er til ráðstöfunar vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum, er að hámarki **100,348 milljónir evra** og skiptist þannig eftir landsvæðum og löndum:

Landsvæði	Áætlun heildarfjárhæð
Ríki við sunnanvert Miðjarðarhaf, ríki í austanverðri Evrópu, Rússland	33,528 milljónir evra
Jemen, Íran og Írak	3 milljónir evra
Lýðveldi í Mið-Asíu	5 milljónir evra
Samstarfsríki í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi	5 milljónir evra
Ríki á vestanverðum Balkanskaga	6 milljónir evra
Asíuríki	20 milljónir evra
Indland	9,6 milljónir evra
Brasilía	9,3 milljónir evra
Chile	4,92 milljónir evra
Mexíkó	4 milljónir evra

#### 5. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en:

– **15. febrúar 2008**

#### 6. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

<http://eacea.ec.europa.eu/extcoop/call/index.htm>

Fullnægja ber öllum ákvæðum sem er að finna í auglýsingunni í fullri lengd og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.